

Fundargerð 26. Skautapings ÍSS 2025

Þingforseti	Maria Fortescue
Fundarritari	Rakel Hákonardóttir
Staðsetning	Húsnæði ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Dagsetning	18. maí 2025
Fundartími	13:06 -14:15

Mál nr.	Dagskrá: Umræða, ákvarðanir, niðurstaða
1	Þingsetning: Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður ÍSS, flytur ávarp, setti þingið og bauð gesti velkomna.
2	Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar: Stjórn ÍSS leggur til þriggja manna kjörbréfanefnd: - Inga Magga frá SA - Halldóra Hrund frá Fjölni - Anna Gígja frá SR Inga Magga fór yfir vinnu kjörbréfanefnda • Fjölirnir eru með 6 fulltrúa á þinginu • Öspin er með 3 fulltrúa á þinginu • SR er með 11 atkvæði er með 5 fulltrúa á þinginu • SA er með 3 fulltrúa á þinginu Samþykkt með lófataki, og kjörbréfanefnd hefur störf.
3	Kosning þingforseta: Formaður lagði fram tillögu að þingforseta; Maríu Fortescue, framkvæmdastjóra ÍSS. Samþykkt með lófataki
4	Kosning þingritara: Þingforseti bar fram tillögu um þingritara; Rakel Hákonardóttir, ritara stjórnar ÍSS. Samþykkt með lófataki.
5	Skýrsla stjórnar lögð fram: Svava Hróðný, formaður ÍSS. Skýrsla stjórnar var ekki prentuð en verður aðgengileg á vefsíðu sambandsins að loknu þingi Byrjuðum með marga nýja formenn nefnda á tímabilinu og það tekur smá tíma að koma sér inn í verkefnin en mikilvæg vinna í starfi sambandsins Við fengum ekki alla styrk sem gert var ráð fyrir og þurftum að endurgreiða pening. Farið yfir afreksbúðir á tímabilinu og allt hafið gengið vel fyrir sig. Keppnir erlendis hafa gengið vel. Stærstu framförin eru parið og á fyrsta mótinu náðu þau lágmörkum fyrir evrópumeistaramót. Farið lauslega yfir mótin í vetur og allt gekk vel fyrir sig. Bæði samskipti við skautar og foreldra 28.febrúar áttum við 30 ár afmæli og haldið upp á það á vormótinu sem var á Akureyri Rætt um skautahlaup og mikil vinna búin að eiga sér stað.

	Við höldum áfram í allri þróun í starfinu
6	Skoðaðir reikningar ÍSS lagðir fram: Ingibjörg Pálsdóttir, gjaldkeri ÍSS, gerir grein fyrir ársreikningum. Engar spurningar
8	Umræður og samþykkt reikninga og skýrslu stjórnar: Ársreikningur borin upp til atkvæðagreiðslu, Samþykktir 15 af 17 samþykktu, 2 voru ekki komnir
7	Ávarp gesta: Willum nýkjörinn forseti ÍSÍ Ávarpar þingið Byrjar á að þakkar að fá að koma hingað Hann á fyrir höndum mikinn lærdóm af hverju hann bauð sig fram og vill taka þátt í starfinu Hann veit að það er ómæld vinna á bak við öllum störfum Hann viðurkennir að þekkir ekki mikið til skauta íþróttarinnar. Hann minnst þess að fara á frosna tjörn sem barn og læra sjálfur að skauta Hann horfir á hlutverk ÍSÍ sem þjónustuhlutverk til annarra sambanda þannig að iðkendum líður vel og hafi gleðina að leiðarljósi og ástríðu og síður brottfalli úr íþróttinni Nú ætlar hann að skila til baka, vinna fyrir okkur og vera til staðar. Það er mikilvægt að hugsa að það eru engar hindranir ÍSÍ þarf að vinna með stjórnvöldum svo fjármagn sé meira gagnsægt þannig að fjármagn til ÍSS sé ekki óljóst. Ekki hika við að hafa samband og vera í sambandi við ÍSÍ þannig að við getum náð auknum árangri. Þakkar fyrir störf ÍSS Andri stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ Ávarpar þingið ÍSÍ er að mæta á þing sérsambanda og þau eru mjög mörg Snýst um að halda tekjum og gjöldu í jafnvægi og þetta er áskorun allstaðar Stóru málin meðal annars ferðasjóður og Afreksmálin Sendir kveðjur frá stjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ Hvetur til að vera í sambandi við ÍSÍ og ef það er enginn ágreiningur þá er árangurinn betri Þóra Gunnarsdóttir - Skautahlaup Spilaði myndir frá evrópuþingi sem hún fór í vetur Búin að vera mikið á fundum vegna skauta mannvirkjum og stækka þau sem eru til staðar Skautahlaupið búið að ganga vel í vetur. Æfingatímar eru ekki uppbyggilegur þar sem hann er seint. Listskautadeildir hafa verið opnar við að hjálpa til að byggja þetta upp. Við græðum öll á því þegar það kemur að enda punktinum Við höldum íslandsmeistaramót í short track í vetur á 30 ára afmæli á Akureyr Samhliða keyrðum við líka special olympics í skautahlaupi. Þau hafa tekið þessari íþróttagrein mjög vel 12 frá akureyri og 15 frá Öspinni en Fjölni eru nýbyrjaðir

	Við settum upp nefnd sem setur niður keppnisreglu, umgjörð á mótum og markmið. Það eru 2 stjórnarmenn ÍSS í þeirri nefnd ásamt Þóru og þjálfara deildanna Hún er búin að fá vilyrði fyrir því frá Rúv á það verður sýnt frá skautahlaupi bæði í short og long track Okkur var boðið að koma á Evrópuþingið í vor þó við værum ekki komin með fulla aðild að skautasambandsins Við erum búin að uppfylla lang flest atriðin eigum bara eftir ða halda 1 íslandsmeistarmót í viðbot og þá er það komið Upplifði jákvæða strauma á evrópuþinginu. Það er erfitt og dýrt að koma búnaði til landsins Belgíska og hollenska skautasambandið ætlar að gefa okkur padding. Styrkir frá ??? til að fá skautahlaup skauta. Þetta gengur allt út á samvinnu. Bæði listskauta deildir SA og Fjölnir hafa gert er að troða inn í stundatöflu hjá sér tímum fyrir æfingar. Eina hindrunin er við sjálf Maria Fortescue - Handbók félaganna Vildi tilkynna nýja handbók sem væri komin inn á vefsíðu ÍSS Handbók félaganna Vildi þakka Þóru Gunnars fyrir þetta framtak en þetta var sjálfboðavinna frá henni.
9	Nefndir starfa og gera grein fyrir störfum sínum Maria þingforseti lagði til að nefndir starfi úr pontu Fjárlaganefnd: Ingibjörg Pálsdóttir Laganefnd: Þóra Gunnarsdóttir Allsherjarnefnd: Svava Hróðný
10	Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram: Ingibjörg Páls fór yfir fjárhagsáætlun
11	Fjárhagsáætlun lögð fram. Engar spurningar úr sal
12	Lagabreytingatillögur: Þóra Gunnarsdóttir, gerir grein fyrir lagabreytingartillögum og rökstuðningi á bak við þær. Tvær lagagreinar eru til breytinga • 14. grein - Þóra fór yfir greinina og breytinguna • 15. grein - Þóra fór yfir greinina og breytinguna Engar spurningar
13	Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir: Afreksstefna Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, fjallar um afreksstefnu og markmið hennar.

	Allir fengu stefnuna senda og búið að merkja við breytingar • Hugtakaskilgreiningar • yfirmarkmið í afrekshópnum • Bættum við markmiðum við þörum öðru leyti er ekki lagt til aðrar breytingar Engar spurningar úr sal
14	Nefndir starfa og gera grein fyrir störfum sínum Maria þingforseti lagði til að nefndir starfi úr pontu Fjárlaganefnd: Ingibjörg Pálsdóttir Laganefnd: Þóra Gunnarsdóttir Allsherjarnefnd: Svava Hróðný
15	Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær Allsherjarnefnd: Nýja afreksstefna lög til samþykktar í heild sinni - samþykkt Laganefnd: 14.grein bætt við listskautar - samþykkt 14. grein þar sem var umorðaður texti - samþykkt 15.grein - samþykkt Lögin fyrir sig í heild sinni - samþykkt Fjárlaganefnd: samþykkt
18. Önnur mál	Heiðranir Svava Hróðný heiðrar sjálfboðaliða og er það Rut Hermannsdóttir þakkaði henni fyrir góð og mikil störf í þágu íþróttarinnar og afhenti henni blómvönd. Rut þakkar kærlega fyrir sig.
16	Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar (skv. 10.gr. laga) Kosið er um: Formann, tvo aðila í stjórn og einn varamann Formaður: Svava Hróðný bauð sig í áframhaldandi starfs - sjálfkjörin Tveir aðilar í aðalstjórn: Ingibjörg Pálsdótti og Rakel Hákonardóttir bjóða sig í áframhaldandi til starfa og eru sjálfkjörnir Einn varamaður: Guðrún Brynjólfssdóttir býður sig fram til áframhaldandi starfa og er sjálfkjörin
17	Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga: Jóna Jónsdóttir og Heba Finnsdóttir

	Sjálfkjörnar því engar aðrar tillögur komu fram. Staðfest með lófataki
19.	Þingslit Maria Þingforseti þakkaði öllum fyrir komuna og lauk þinginu Þingsslit kl:14:15